

Stjórnarfundur foreldrafélags Fossvogsskóla, 11. janúar kl. 21.

Fundarmenn: Karl Óskar Þráinsson, Unnur Björnsdóttir, Héðinn Þórðarson, Lillý Valgerður Pétursdóttir, Hrund Hauksdóttir, Erna Hasler, Herborg Ingvarsdóttir, Högni Stefán Þorgeirsson.

Forföll boðaði Ragnar Björgvinsson. Klara B. Hinriksdóttir var fjarverandi.

1. Húsnæðismál

Fundur með USK og SFS ræddur. Svar við erindi fékkst eftir þann fund og verður dreift til stjórnar eftir stjórnarfundinn. Á fundi var m.a. ítrekað mikilvægi þess að skólastarf hefjist í heild í dalnum næsta haust. Gengið verði úr skugga um það í tíma að hægt verði að bregðast við með aukastofum ef áætlanir um afhendingu Vestur- og Austurlands standist ekki. Rædd staða á Meginlandi, ekkert meitlað í stein enn. Vinna í gangi við innanhússhönnun o.fl. Ákveðið að hittast aftur eftir 7 vikur.

2. Jólaskógur yfirferð – bekkjarfulltrúar og næstu skref

Almenn ánægja með jólaskóginn fyrir 1.-5. bekk og bíóferðir 6.-7. bekkjar. Mikilvægt að halda áfram á þessari braut og fá bekkjarfulltrúa til að skipuleggja meira fljótlega í vetur, því það tekur alltaf tíma að koma hlutum á koppinn. Karl ræðir við Klöru um að hefja samskipti við árganga um hvort eitthvað sé á döfinni og ef ekki, þá aðstoða eða kalla eftir aðstoð til handa þeim bekkjum.

3. Erindi til stjórnar vegna fjáröflunar 7. bekkjar 2020

Erindi rætt og formanni, varaformanni, gjaldkera og ritara falið að skoða málið betur og vera í sambandi við foreldrana.

4. Vorhátíð – fulltrúar FFF í skipulagsteymi

Fyrir höndum er að skipuleggja vorhátíð með skólanum og frístund. Karl, Herborg og Unnur bjóða sig fram í skipulagningarhópinn fyrir hönd félagsins.

5. Erindi FFF til MMR – umræða

Rætt um samskipti foreldrafélagsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið um frumkvæðismál varðandi stjórnarsýslu borgarinnar í málefnum skólans. Félagið hefur sent ráðuneytinu athugasemdir varðandi innkomna umsögn frá borginni.

7. Skólamál

Rætt um rafræna samskiptamöguleika skólans við foreldrasamfélagið, hvort Facebook sé góður vettvangur til þess eða ekki. Verulegt magn óskilafatnaðar safnast nú upp á báðum starfsstöðvum og rætt um hvort foreldrar geti hjálpað til að koma fatnaðinum í réttar hendur. Formanni falið að ræða við skólastjóra um bæði málefni.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 21.46

Fundargerð ritaði Karl Óskar Þráinsson